

Því dæmist rjett að vera:

Ákærði Jón Ögmundsson sæti 4 ára betrunarhússvinnu. Hann greiði í iðgjöld til Sigurðar Guðmundssonar í Skildinganesi 9 kr. og til Jóseps Jónssonar á Suðurklöpp 18 kr. 10 a. Svo greiði hann og allan af máli þessu bæði fyrir undir- og yfirdómi og af varðhaldi sínu leiðandi kostnað, þar með talin málfutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, yfirrettarmálaflutningsmanns Páls Einarssonar og cand. juris Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors þeirra.

Ídæmd iðgjöld ber að greiða innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa og honum að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 8/1893:

Hið opinbera  
gegn  
Stefáni Árnasyni.

#### D ó m u r:

Með aukarjettardómi Suður-Múlasýslu 29. ágúst f. á. var hinn kærði Stefán bóndi Árnason á Höfðabrekku dæmdur sýkn af kæru hins opinbera fyrir æðarfugla-dráp, en skyldaður til að greiða allan af málinu gegn honum leiðandi kostnað samkvæmt úrskurðuðum reikningi. Dómi þessum hefur eptir ósk kærða og af hálfu hins opinbera verið áfrýjað til yfirdómsins.

Mál þetta er svo til komið, að vinnumaður kærða

fyrverandi, er hjá honum var vistarárið 1889—90, tjáði sýslumanni brjeflega í maímánuði 1891, það sjer væri nokkuð kunnugt um, að kærði væri ekki með öllu frí við æðarfugladráp ár það, er hann hefði verið hjá honum (1889—90), og nokkrusíðar bar þessi sami maður fyrir rjetti, og staðfesti þann framburð með eidi, að hann hafi reitt fyrir kærða tjeð ár 33 æðarfugla og sjeð kærða skjóta tvo af þeim, en hina hafi kærði komið með af sjó eða fengið þá að. Kærði neitadi því, að þessi skýrsla vitnisins væri sönn, og synjaði sjerstaklega fyrir að hann hefði nokkurn tíma drepit nokkurn æðarfugl. Þar sem nú önnur vitni, er leidd hafa verið í málinu, eptir tilvísun uppljóstursmannsins, ekki vissu neitt til, að kærði hefði gjört sig sekan í æðarfugladrápi, og hann verður ekki sakfelldur fyrir hagnýting dauðra æðarfulga á því ári, er hjer ræðir um, þó að hann álitist uppvís að henni, þar sem lög 22. marz 1890, er leggja bann við slíkri hagnýting, voru þá ekki komin í gildi, — þá er ekki framkomin sönnun fyrir hinu átalda broti kærða, og bar því, eins og undirdómarrinn gjörði, að sýkna hann af kæru hins opinbera í málinu. Að því er málskostnaðinn snertir, pykir ekki ástæða til að láta kærða greiða hann að neinu leyti og ber því að greiða hann að öllu leyti af almannafje, þar með talin málsfærslulaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdomi, 10 kr. til hvors þeirra.

Það er aðfinningarvert, að mál þetta hefur verið rekið og dæmt fyrir aukarjetti, í stað þess fyrir lögreglurjetti, en þetta pykir þó eigi þurfa eptir atvikum að varða ómerking dómsins eða ábyrgð fyrir undirdómarrann. Að öðru leyti hefur rekstur málsins í hjer-

æði verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdóminum hefur verið lögmat.

Þ v í d æ m i s t r j e t t a ð v e r a :

Hinn kærði Stefán Árnason á að vera sýkn af kærðu sækjandans í máli þessu. Allan af málinu í hjerði og fyrir yfirdómi leiðandi kostnað, þar með talin málflytningu laun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, yfirrettarmálflytningu manns Páls Einarssonar og cand. juris Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors þeirra, ber að greiða af almannafje.

Nr. 47/1892:

H. Th. A. Thomsen  
 gegn  
 bæjarstjórn Reykjavíkur.

D ó m u r :

Mál þetta, sem er út af ágreiningi um landamerki milli Bústaða, eignarjarðar áfrýjandans, og Laugarness, er Reykjavíkurkaupstaður á, var dæmt í landamerkjadómi Kjósar- og Gullbringusýslu 7. desembr. 1891 svo, að landamerki milli greindra jarða skyldu vera: »Úr Þrísteinum í Bústaðaborg, þaðan bein lína suður í Klofningssteina«. Í dagpeninga til dómsforseta og meðdómsmanna skyldi stefnandinn (fyrir merkjadóminum), bæjarstjórn Reykjavíkur, greiða 36 kr. 50 a., en stefndi (fyrir sama dómi) kaupmaður H. Th. A. Thomsen 55 kr. Annar málskostnaður skyldi falla niður.